

Fundargerð 152. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 18. mars 2021 kl. 11:00 á skrifstofu VM Stórhöfða 29 og í gengum fjarfundarbúnað.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Samúel Ingvason, Agnar Ólason og Sigurður Gunnar Benediktsson

Fjarfundur: Kristmundur Skarphéðinsson, Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Jóhann Erlingsson og Svanur Gunnsteinsson.

Fjarverandi: Andrés Bjarnason

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 151.

Formaður setti fundinn og fundargerðin var samþykkt og undirrituð af þeim sem mættir voru á Stórhöfðann

2. Skýrsla formanns.

Frá síðasta fundi erum við búnir að ná að fækka um einn samning, samninginn við Selfossveitur. Höfum líka verið að vinna í SFS samningnum , tveir fundir búnir og fundur á morgun. Erum með Sjómannafélagi Grindavíkur og Sjómannasambandinu í þessu. Gengur mjög hægt að fá einhver svör og ef ekkert kemur á morgun þá verðu mjög líklega vísað til sátta. Búið er að ramma inn okkar kröfur og okkur hefur tekist að halda þeirra kröfum fyrir utan. Fáum vonandi einhver svör á morgun. Höldum okkur frá fjölmiðlum á meðan að þeir eru að tala við okkur en um leið og þeir hætta þá förum við af stað.

Funduðum líka um nýsmíðaálagið, ákveðnar reglur sem á að reikna þetta út eftir. Við þurfum að koma áfram til sjómanna hvernig nýsmíðaálagið virkar þeir virðast ekki vita ekki nógu mikið hvernig þetta er.

Laga og reglugerðabreytingar, umsögn um áhafnir. Verið að steypa saman tveimur lögum varðandi farskip og fiskiskip. Nokkur atriði sem verið er að berjast fyrir að fá inn, t.d. vinnulýsingar. Við erum að vinna þetta með Félagi skipstjórnarmanna og Sjómannasambandi Íslands. Svo erum við að djöflast í menntamálaráðherra með hinum iðnaðarfélögum varðandi reglugerð um starfsþjálfun og sveinsprófin.

Erum enn að vinna í stofnanasamningum t.d við Hafró og gæsluna.

Sjómenn hafa áhyggjur af því að ýsukvótar séu að verða búnir. Stéttarfélögin áttu fundi með Sjávarútvegsráðherra og svo í framhaldi af því með ráðherra og Hafró, ásamt Landsambandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands, Félagi skipstjórnarmanna og SFS. Brottkast á Ýsu er að aukast því alls staðar sem menn veiða þá kemur upp ýsa, virðist vera mjög mikið af henni. Rætt var hvað er til ráða en engin niðurstaða.

Erum að reyna að koma á framfæri út af kjarasamningi sjómanna hvernig fiskverð er uppbyggt á Íslandi, hvað útgerðin græðir og hvað sjómaðurinn fær. Þegar síðasti stjórnarfundur var vorum við búnir að ræða við Þorgerði Katrínu (Viðreisn) og núna erum við búnir að fara að heimsækja þingflokk Samfylkingarinnar og þingflokk Framsóknarflokksins. Nú bíðum við bara eftir að fá fund með, Vinstri Grænum, Pírötum og Miðflokknum. Við höfum farið með ákveðinn glærupakka á þessa fundi sem byggir á línuritum frá Verðlagsstofu, auglýsingunum sem við vorum með 2019 og út frá skýrslu um eignir Íslendinga í aflandsfélögum. Sjómannafélag Grindavíkur hefur farið með okkur og við erum þarna líka fyrir Sjómannafélag Íslands

ASÍ fundir, þar er verið að vinna í stórum málum eins og um loftlagsvanda. Margir hópar innan ASÍ sem eru að vinna í hinum ýmsu málum. Formaður spurði hvort menn hafi áhuga á að fá send gögn frá ASÍ þegar þau berast félaginu? Allir til í það jafnvel setja það bara inn á innri vefinn.

3. Orlofsmál – Tillögur frá sameiginlegum fundi.

Fundur var haldinn með hluta af stjórn og orlofsnefndinni föstudaginn 12.mars þar sem orlofsmálin voru krufin.

Starfsmenn VM voru búnir að safna saman gögnum um stöðu orlofssjóð VM og var byrjað á því að fara yfir þau gögn og hvaða leiðir væru mögulegar. Búið var að kostnaðargreina eftir orlofskostum/orlofssvæðum. Fram kom í kostnaðarmatinu að óhagkvæmasti reksturinn sé á Einarssstöðum, Flókalundi og Svignaskarði. Einnig er komin mikil viðhaldsþörf á Einarssstaði. Ljóst er að skipta þarf um þak strax og að húsið sjálft er orðið lélegt. Niðurstöður: Menn sammála um að einbeita sér að Laugarvatni og reyna að losna úr byggðum þar sem hús væru óhagstæð. Best væri ef hægt væri að losna við Einarssstaði og huga að annarri fjárfestingu og eða leigu t.d á Egilsstöðum. Einnig ætti að huga að því að selja okkar hlut í húsinu í Flókalundi. Ekki var tekin ákvörðun um Svignaskarð og Illugastaði en það liggur fyrir að rekstur á þeim er dýr og skoða má til framtíðar hvort aðrir kostir séu betri. Hús nr. 2 og 4 á Laugarvatni eru orðin mjög léleg og þarf að skipta þeim út. Þá voru menn sammála um að bæta við a.m.k. tveimur húsum á Laugarvatni til framtíðar og reyna svo að fá skipti við önnur stéttarfélög yfir sumartímamann. Menn voru líka sammála um að það þurfi að skoða þóknun orlofssjóðs til félagssjóðs en 15% af tekjum orlofssjóðs fara til félagssjóðs upp í kostnað við rekstur. Á árinu 2020 voru þetta um 9,6 milljónir. Samþykkt að vísa þessum tillögum til stjórnar til samþykktar og fá samþykki aðalfundar til þess að bæta í viðhaldskostað með fjárstyrk frá félagssjóði. Eftir að formaður hafði farið yfir það sem fram kom á þessu sameiginlega fundi sagði hann að samkvæmt starfsmanni Ernst & Young sé mismunandi hvernig farið er með afskriftir. Stefnt er að því að breyta bókhaldinu og gera það upp mánaðarlega og afskriftirnar ekki teknar inn þar.

Málin voru rædd og síðan rætt um hvað þyrfti að fara fyrir aðalfund. Niðurstaðan var sú að leggja til 5 ára plan og í því væri að selja óhagstæðar einingar og byggja 4 ný hús á Laugarvatni.

Tillaga um að lækka þóknun orlofssjóðs til félagssjóðs tímabundið úr 15% í 10% var samþykkt af meirihluta stjórnar, Agnar greiddi atkvæði á móti og óskaði eftir að bókað væri að honum fyndist að þessi þóknun ætti að endurspegla þann kostnað sem þarf til að vinna fyrir sjóðinn.

4. Önnur mál.

- Tillaga að fulltrúum VM í fulltrúaráð Gildis 2021 – Þeir sem hafa verið þar fyrir okkar hönd vilja vera áfram. Samþykkt.
- Tækniminjasafn Austurlands, Karolina styrkbeiðni til stéttarfélaga – formaður lagði fram styrkbeiðni. Ákveðið var að benda þeim á að sækja um í Akki. En komi upp sú staða að hin félögin ákveði að styrkja þá hafi formaður leyfi til að vera með í því.
- Ályktun miðstjórnar ASÍ um opnun landamæra. Formaður lagði fram bréf frá ASÍ til upplýsinga.
- Formaður sagði frá því að formaður Verkalýðsfélags Grindavíkur hefði talað um á ASÍ fundi hvort félögin gætu hugsað sér að leyfa Grindvíkingum að leigja hús ef þau eru laus þ.e. á meðan að þessir skjálftar eru að ganga yfir. Rætt var að þegar upp komi svona sérstakar aðstæður sökum náttúruváar þá fyndist sér í góðu lagi að leigja þeim sem ástandið bitnar mest á. Samþykkt.
- Hús Fagfélaganna eða 2F er það sem félögin hér við hliðina kalla sig og svo er logo hvers og eins undir. Nú hafa þeir spurt hvort við viljum ekki vera með undir þessu þaki. Menn almennt sammála um að það sé bara eðlilegur hluti af meira samstarfi félaganna.
- Bréf frá trúnaðarmanni VM í ÍSAL til stjórnar vegna lögfæðimáls, þetta má var rætt á síðasta fundi og hafnað. Formaður mun boða trúnaðarmann á fund og útskýra hvers vegna stjórn taldi sig verða að hafna þessu.
- Spurt var hvenær aðalfundurinn yrði og hvort við verðum með útprentuð gögn og talaði líka um af hverju við ættum ekki bara spjaldtölvur til að bjóða upp á. Skoðað verður fyrir næsta fund hvernig og hvort við getum útfært þetta.
- Formaður spurði hvort við ættum ekki að hugsa um að fresta aðalfundinum ef landslagið breytist. Samþykkt
- Samúel talaði um að gögn komi of seint inn fyrir stjórnarfundina, og óskaði eftir að formaður kæmi þessu í lag.

Fundi slitið: 14:45